

Fimmtudaginn 22. mars 1990.

Nr. 345/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ásgeiri Ásgeirssyni

(Haraldur Blöndal hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1989 að ósk ákærða, en af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Í héraðsdómi er rakinn sakaferill ákærða samkvæmt sakavottorði hans, dagsettu 6. desember 1988. Í samræmi við upplýsingar, sem þar koma fram, greinir frá því í héraðsdómi, að ákærði hafi fengið reynslulausn í tvö ár á 27 dögum fangelsisvistar samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur frá 22. apríl 1987. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 21. apríl 1987 var nefndur reynslutími eitt ár, svo sem og kemur fram í sakavottorði ákærða, dagsettu 14. mars sl. Þessi reynslutími var því liðinn, er brot það var framið, sem ákært er fyrir í málinu. Ákvörðun refsingar í héraðsdómi með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á því ekki við rök að styðjast.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er brot ákærða nægilega sannað og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til þessa og sakaferils ákærða þykir bera að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu hans.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað svo og um skaðabætur og vexti af þeim, sem hvorugt sætir andmælum.

Vegna þeirra hnökra á héraðsdómi, er að framan getur, þykir

rétt, að allur áfrýjunarkostnaður málsins falli á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 29. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæru, útgefinni 8. desember 1988, á hendur Ásgeiri Ásgeirssyni, Háalundi 3, Akureyri, fæddum 31. maí 1951 á Akureyri, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að nota í viðskiptum í veitingastaðnum Kjallaranum, Geislagötu 14, Akureyri, laugardaginn 22. október 1988 falsaðan tékka, að fjárhæð kr. 12.000, en tékkann hafði ákærði sjálfur falsað á stolið eyðublað úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Akureyrarútibúi, nr. 4100649, í eigu Hólmfríðar Jónsdóttur á reikning hennar, nr. 3793, og ritaði ákærði nafn hennar sem útgefanda undir áprentuðu nafninu. Tékkinn er til handhafa og framseldur af ákærða.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik eru þau, að hinn 27. október 1988 barst rannsóknarlögreglunni á Akureyri kæra um fölsun tékka frá Sjallanum á Akureyri ásamt tékka nr. 4100649 á eyðublaði frá Búnaðarbanka Íslands, útgefinn 22. október 1988, að fjárhæð kr. 12.000, sem notaður hafði verið við staðgreiðslu á þjónustu hjá fyrirtækinu Sjallanum. Tékkinn var útgefinn með nafninu Hólmfríður Jónsdóttir og framseldur með nafni ákærða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 1. nóvember 1988 viðurkenndi ákærði að hafa stolið tékkaeyðublaði þessu og falsað það, að upphæð kr. 12.000, og selt í Kjallaranum á Akureyri. Skýrði hann svo frá, að laugardaginn 22. október 1988 hefði hann verið heima hjá Hólmfríði Jónsdóttur að Hríseyjargötu 3, Akureyri. Kvaðst hann hafa þekkt Hólmfríði. Kvaðst hann hafa verið mjög ölvaður, en muna eftir því að hafa farið að blada í tékkhefti þarna heima hjá Hólmfríði. Kvaðst hann hafa tekið 1 eyðublað úr heftinu og haft með sér út. Ákærði kvaðst hafa falsað þetta eyðublað, að upphæð kr. 12.000, og skrifað nafnið Hólmfríður Jónsdóttir undir, frekar óljóst. Kvaðst hann hafa farið í Kjallarann þetta kvöld, þar

hafi verið keypt mikið af áfengi, sem greitt hafi verið með umræddri ávísun, en til baka hefði hann fengið greiddar 2.700 eða 3.700 krónur. Eftir þetta hafi verið farið á dansleik í Hlíðarbæ, og þar hafi hann eytt þessum peningum.

Hér fyrir dómi hefur ákærði staðfest framangreindan framburð og viðurkennt að fullu verknaðinn, eins og honum er í ákæru lýst.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, þykir brot hans nægjanlega sannað, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði níu sinnum sæst á greiðslu sektar og sætt fjórum refsidómum, síðast 6. ágúst 1988 (2 mánaða fangelsi fyrir fjársvik og þjófnað). Hinn 22. apríl 1987 var honum veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsingar, 27 dögum.]

Refsing ákærða þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Fram hefur komið bótakrafa frá Sjallanum á hendur ákærða um greiðslu á kr. 12.000 ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum frá innlausnardegi til greiðsludags. Ákærði hefur viðurkennt kröfu þessa. Ber að dæma hann til greiðslu hennar ásamt vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ásgeir Ásgeirsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði Sjallanum kr. 12.000 ásamt vöxtum samkv. 7. gr. 1. nr. 25/1987 frá 27. okt. 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.